

# Starfsáætlun Trölladeildar

veturinn 2023-2024



## Starfsfólk

Deildarstjóri: Valbjörg Rós Ólafsdóttir (Vallý)

Kennarar og starfsfólk: Eva Björk Björnsdóttir, Lotta Karen, Magdalena Sóley, María Björk, Steinunn Bjarnadóttir

Sérkennslustjóri: Hugrún Sigmundsdóttir

Stjórnendur skólans: Snjólaug Brjánsdóttir skólastjóri og Agnes Bryndís Jóhannesdóttir aðstoðarskólastjóri.

## Barnahópurinn

Í vetur verða 20 börn á Trölladeild. 11 börn fædd 2020, 7 strákar og 4 stelpur og 9 börn fædd 2021, 4 strákar og 5 stelpur.

## Einkunnarorð skólans

# *Velliðan – Virkni – Velferð*

**Velliðan:** Við leggjum áherslu á að öllum líði vel hjá okkur, ef börnunum líður vel eru þau líklegri til að blómstra og dafna.

**Virkni:** Við viljum efla börnin í eigin námi og starfi, því börn læra best með því að framkvæma.

**Velferð:** Við viljum stuðla að velferð barnanna með því að leggja góðan grunn svo að einstaklingarnir geti notið sín í lýðræðislegu samfélagi í framtíðinni.

## Dagskipulag

Daglegu lífi í skólanum fylgja nokkrar fastar athafnir, þar sem bæði líkamlegum og andlegum þörfum barnanna er mætt. Þessar daglegu athafnir eru mikilvægar í þroska þeirra og mikilvægt að mæta þörfum hvers og eins vel og kostur er.

Mikið nám felst í daglegum athöfnum fyrir börnin auk þess sem lögð er áhersla á að efla sjálfstæði þeirra og sjálfshjálp. Dagskipulagið skapar festu og öryggi sem er ungum börnunum mikilvægt og eru rammi utan um starfið í leikskólanum.

# Vetrarskipulag á Trölladeild 15. september til 31 .maí



7:45-8:10	<b>Börnin mæta – frjáls leikur</b>
8:10-8:50	<b>Morgunmatur – frjáls leikur</b>
9:00-10:55	<b>Hópvænna – frjáls leikur – ávaxtastund – útivera – bleyjuskipti</b>
11:00-11:15	<b>Samverustund</b> Mánudag- fimmtudag er börnunum er skipt í þrjá hópa, Guli og Rauð hópur eru sér en Blái og Græni eru saman. Á föstudögum eru allir saman.
11:15-11:45	<b>Hádegismatur</b> Börnin borða hádegismat með sínum umsjónarkennara
11:45-13:55	<b>Hvöld/slökun – rólegur leikur (þegar börnin vakna)</b> Börnunum er skipt á þrjú svæði, Guli og Rauði hópur sér með sínum kennara og Græni og Blái hópur saman. Þegar börnin vakna fara þau í frjálsan leik í sal.
14:00-14:10	<b>Samvera</b> Börnunum er skipt í tvo hópa, Guli og Rauði hópur saman og Græni og Blái hópur saman.
14:15-14:30	<b>Nónhressing</b>
14:30-15:00	<b>Frjáls leikur – bleyjuskipti</b>
15:15-16/16:15	<b>Útivera – Börnin fara heim</b>

## **Matartímar**

Matartímar hafa mikið uppeldislegt gildi. Kennari situr til borðs með börnunum og skapar ró og festu og er þeim góð fyrirmynd. Matartíminn á að vera notalegur tími þar sem öllum líður vel. Lögð er áhersla á hollan og fjölbreyttan heimilismat í skólanum. Matseðill hangir uppi í fataherbergi skólans.

## **Slökun**

Í erli daglegs lífs er afar mikilvægt að tryggja börnum tíma til hvíldar eða slökunar eftir því sem þarfir þeirra og þroski segja til um. Nægjanlegur og reglulegur svefn- og hvíldartími er nauðsynlegur til að tryggja börnunum andlega og líkamlega vellíðan. Öll börn skólans leggjast niður og eiga rólega stund eftir að hádegismat lýkur.

## **Salerni/Bleyjuskipti**

Bleyjuskipti og salernisferðir eru á föstum tímum yfir daginn auk þess eru bleyjuskipti eftir þörfum hvers barns. Börnunum er kennt hreinlæti, s.s að þvo hendur fyrir mat, eftir útiveru og salernisferðir. Umræður og málörvun eiga sér stað á salerni og við bleyjuskipti þar sem kennarar koma orðum á athafnir.

## **Útivera**

Í skólanum er meginreglan sú að farið er út tvisvar á dag, að morgni og í lok dags ef veður leyfir. Útivera er hluti af námi barnanna og áhersla er lögð á að þau njóti útiverunnar og fái tækifæri til að skoða umhverfið, samfélagið og náttúruna. Í næsta nágreppi skólans er góður göngustígur sem við ætlum að kanna í vetur, við tökum mið af göngupoli barnanna sem eykst jafnt og þétt yfir veturinn.

## **Leikurinn**

Í bernsku er leikur aðal tjáningarmáti barnsins og gleðigjafi. Leikurinn er einnig megin náms- og þroskaleið barns. Leikurinn hjálpar barni að rannsaka umhverfi sitt, tjá tilfinningar og leysa vandamál sem gerir það að verkum að barnið þroskast og styrkir persónuleika sinn. Í leik fá börnin tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá sig og þróa félagsleg tengsl við önnur börn.

## **Málörvun**

Tungumálið er eitt mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Í frumbersku og á leikskólaaldri er lagður grundvöllur að málþroska barnsins. Barnið lærir að tala með því að prófa sig áfram, sum börn byrja fyrr en önnur. Til þess að barn læri að tala þarf það að heyra talað mál í kringum sig. Segja má að málörvun gangi því eins og rauður þráður í gegnum allt skólasterfið í Seli.

Kennarar eru meðvitaðir um að vera góðar málfyrirmyndir og í gegnum allar daglegar athafnir fer fram málörvun. Í samveru notum við meðal annars námsefnið um Lubba og málbeinin hans, við syngjum, lesum, segjum sögur og nýtum umhverfið til að örva og efla málþroskann.

## Lífsleikni

Markmiðið með lífsleikni er að kenna börnum góða siði til að þau geti þróað með sér góða eiginleika til að vera góð og fróð í samfélagi með öðrum. Þá er lögð áhersla er á að kennari ræði við börnin og hjálpi þeim að skilja ýmiskonar hegðun og tilfinningar. Börn þurfa að læra hver mörkin eru og þurfa að læra að hafa sjálfsstjórn.

## Hugarró – núvitund

Við lítum svo á að börn þurfi aukna ró í sitt daglega líf. Börn eiga að geta lifað í núinu og notið þess. Í tengslum við Hugarró er unnið markvisst að því að börnin verði fær um að þekkja sínar eigin tilfinningar og geti sett orð á hvernig þeim líður og öðlist færni í að lesa í líðan og tilfinningar annarra og geti sett sig í spor þeirra. Mikilvægt er að við temjum okkur að slaka á og njóta augnabliksins í dagsins önn.

## HópaVinna

HópaVinna fer fram mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga. Börnunum er skipt í fjóra hópa og á hver hópur sinn umsjónarkennara. Umsjónarkennarar yngri árgangsins vinna mikið saman sem teymi en umsjónarkennarar eldri árgangsins vinna hvort tveggja, sundur og saman. Verkefni í hópavinnu tengjast námsviðum í Aðalnámskrá leikskóla og er unnið með eftirfarandi þætti: tónlist, fínhyringar, málrækt og könnunarleik.

Ýmis kennslugögn eru notuð í hópavinnunni s.s. Bókin Lubbi finnur málbein, bókin Trommur og töfrateppi, hljóðfæri, ýmis spil, kennsluefnið Sögugrunnurinn, ýmis verkefni úr sérkennsluherberginu, tilbúin fínhyringarverkefni, leir, púsluspil, pinnar, ýmsar gerðir af kubbum og perlur og margt fleira. Í könnunarleiknum notum við verðlaust efni sem deildin hefur safnað saman. Þar ræður hugmyndaflugið ríkjum og sköpunargáfa barnanna fær að njóta sín. Í þessu starfi fléttast svo dygðirnar sem verið er að vinna með. Í upphafi hvers hópatíma byrja börnin á að gera öndunaræfingar og svo syngjum við um málbein vikunnar (Lubbi). Einnig fær frjáls leikur pláss í hópavinnunni því í honum verður mikill þroski og lærdómur hjá ungum börnum.

Umsjónarkennarar flétta fyrri útiveru dagsins inn í hópastarfið sitt.

Markmiðið með hópavinnu er að skapa gott börnunum næði og umhverfi til að læra og leik og þeim gefið tækifæri til að takast á við fjölbreytt verkefni til að efla alla þroskaþætti. Í hópavinnu lærir barnið að vinna og leika í hópi og myndar tengsl við jafningja sína. HópaVinna gefur kennurum einnig gott tækifæri til að fylgjast náið með þroska og getu hvers barns og hefur heildarsýn yfir hópinn.

## Sérkennsla

Á Trölladeild er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun. Við viljum byrja strax að vinna með þau börn sem á einhvern hátt ná ekki að fylgja jafnöldrum sínum eftir í þroska.

*September 2023*

*Valbjörg Rós Ólafsdóttir*